Nr. 7.
17de
Marts.

Lög

um

bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum sauðfjenað, nautgripi eða hesta. Þó má landshöfðingi með ráði dýralæknis veita undanþágu frá banni þessu, enda setji hann þá tryggjandi reglur um í hvert sinni. Undanþáguleyfið og reglurnar skal prenta í stjórnartíðindunum, deildinni B.

2. grein.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, ekki lægri en 100 kr. fyrir skipstjóra þann, er fjenaðinn flutti inn, og jafnháum fyrir þann, er fjenaðinn á, og skal fjenaðurinn gjörður upptækur og drepinn að tilhlutun lögreglustjórnarinnar. Brot gegn reglum þeim, sem landshöfðingi setur samkvæmt 1. gr., varða eiganda sektum ekki lægra en 100 kr., enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim fjenaði hlýzt, er hann flutti inn án leyfis, eða hirti eigi samkvæmt reglum landshöfðingja.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 17. dag marzm. 1882.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Nr. 7.
17de
Marts.

Lov

om

Forbud mod Indførsel af Kreaturer fra Udlandet.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Det forbydes Alle og Enhver til Island at indføre Faar, Hornkvæg eller Heste fra Udlandet; dog kan Landshøvdingen, efter Samraad med en Dyrlæge, bevilge Undtagelse fra dette Forbud, men han skal da i hvert enkelt Tilfælde fastsætte betryggende Forholdsregler i bemeldte Henseende. Undtagelsesbevillingen saavel som de nævnte Regler blive at bekjendtgjøre i Regjeringstidendens Afdeling B.

§ 2.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder af ikke under 100 Kr. for den Skibsfører, der indfører Kvæg til Landet, og en lige saa stor Bøde for Kvægets Eier, hvorhos Kvæget konfiskeres og nedslagtes efter Politiets Foranstaltning. For Overtrædelser af de af Landshøvdingen ifølge § 1 foreskrevne Forholdsregler straffes vedkommende Eier med en Bøde, der ikke maa være under 100 Kr., hvorhos han erstatter al den Skade, der foraarsages ved det af ham uden Tilladelse indførte Kvæg, eller derved, at han har forsømt at behandle det overensstemmende med de af Landshøvdingen foreskrevne Regler.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 17de Marts 1882.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.